

**106. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
4. mars 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir varaformaður, Ólafur Adolfsson aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi, Karl Jóhann Haagensen verkefnastjóri og Sindri Birgisson umhverfisstjóri.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1901203 - Aðalskipulag Skógarhverfi - breyting

Skipulagshönnuður kynnir skipulagstillögurnar.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar Árna Ólafssyni skipulagshönnuði góða kynningu.

2. 1901196 - Sementsreitur - uppbygging

Sviðsstjóri fór yfir tölulegar upplýsingar varðandi uppbyggingu á Sementsreit. Í framhaldinu var rætt um þá kosti sem fyrir liggja til að hefja uppbyggingu á reitnum.

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri véku af fundi eftir þennan dagskrálið.

3. 1710019 - Brekkubæjarskóli - endurbætur á annarri hæð, hönnun 2017

Verkefnastjóri kynnir framkvæmdir í Brekkubæjarskóla.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar Karli Jóhanni Haagensen verkefnastjóra greinargóða kynningu.

4. 1902231 - Vinnuskólinn 2019 - laun unglunga 14 - 16 ára

Tillaga forstöðumanns um launataxta í vinnuskóla Akraness árið 2019.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi tillögu um 12,5% hækkun launataxtanna milli ára. Samþykktinni er vísað til staðfestingar í bæjarráði.

5. 1901193 - Stofnanalóðir 2019

Umhverfisstjóri fór yfir vinnuáætlun fyrir stofnanalóðir, áformuð verkefni og framvindu

Umhverfisstjóri fór yfir rekstur og fyrirhugaðar framkvæmdir til næstu ára á stofnanalóðum Akraneskaupsstaðar.

6. 1902126 - Fjáreigendafélag Akraness - lagfæringer í beitarhólfi

Fjáreigendafélag Akraness fer þess á leit við Akraneskaupstað að fá aðstoð við endurnýjun og viðhald á ræsum, brúm og skurðum sem eru á beitarlöndum sem þeir hafa til umráða.

Skipulags- og umhverfisráð felur umhverfisstjóra að koma til móts við umleitanir Fjáreigendafélags Akraness eins og aðstæður leyfa.

RB

7. 1812094 - Akranes ferja - flóasiglingar 2019

Kynning á verkefninu.

Sigríður Steinunn Sigurðardóttir verkefnastjóri fór yfir greinagerð varðandi ferjusiglingar á milli Akraness og Reykjavíkur 2017. Ráðið leggur áherslu á að nú þegar sé farið að vinna undirbúningsvinnu til að tryggja sem best möguleika á því að ferjusiglingar geti hafist að nýju árið 2020. Horft verið m.a. til fyrra lærðóms í því tilliti sbr. greinargerð verkefnisstjóra.

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri tók sæti að nýju undir þessum fundarlið.

8. 1903009 - Flóahverfi - framkvæmdir

Umhverfisstjóri fór yfir fyrirhugaðar framkvæmdir í Flóahverfi. Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að hefja undirbúning framkvæmda í hverfinu 2019, er taka til bundins slitlags og undirbúnings á stígagerð að því.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:25.

Ragnar Sæmundsson

Gastur Jónasson
Olaug Ólafsson

Sindri Birgisson

Sig.P.H.

Karl Þórhallur Þorsteinsson

Sævar Þór Þorsteinsson

Stein Þór Steinsson
Hafþíður Sigurðardóttir.